



## Kennsluáætlun STÆR2RU05 (STÆ 122) Haust 2017

### Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþagórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Stefnt er að því að upplýsingatækni geti orðið hjálpartæki í áfanganum.

### Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara ).

### Námsmat:

Námsmat byggir á:

1. Árangri á kaflapróf/skyndipróf/tímaverkefni (30%).
2. Árangri á skriflegu lokaprófi (70%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

### Til athugunar:

**Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn.**

**Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.**

## Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal
34	7. Kafli. Um horn	113-118
35-37	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172
38-39	9. Kafli. Hringir	173-196
40-41	10. Kafli. Flatarmál	197-216
42-45	11. Kafli. Rúmmál. Yfirborð	241-256
46-48	12. Kafli. Hornaföll	217-240
49	Upprifjun	

### Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf.

**Nemanda er skylt að taka öll kaflaprófin nema lögmæt forföll komi til. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til.**

Nemandi sem uppfyllir 65% námsmarkmiða verkefna annarinnar, getur ef hann vill sleppt lokaprófi.

### Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega.

Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

**Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.**

F.Su. 15. águst 2017

**Með ósk um góðan árangur á önninni.**

**Kjartan Ólason (KÓ)**  
**Magnús Másson (MM)**